



# Verkefnateymi - Lokaskýrsla

*Skólaárið 2011-2012*

**Nafn á teymi:** Námsmat og fjölbreyttir kennsluhættir

**Teymisstjóri:** Anna Sigríður Þorsteinsdóttir og Hulda Björk Guðmundsdóttir

**Meðlimir teymis:** Aníta Ósk, Berglind, Hrönn, Jóhanna og Sigrún Hafsteinsdóttir.

**Tilgangur teymis, markmið, leiðarljós:** Við ætluðum að finna leiðir og setja stefnu í námsmati skólans og setja það í skólanámskrána. Einnig ætluðum við að samræma almennar umsagnir hjá árgangateymunum.

Að koma upp gagnabanka í fjölbreyttum kennsluháttum í samstarfi við kennara.

## Verkefni sem unnin voru í vetur (áhrif í skólastarfið):

Við fórum af stað með að samræma almennar umsagnir á yngsta stigi og miðstigi. Einnig settum við í fastar skorður hvaða fög ættu að vera í vitnisburði í samræmi við skólanámskrá 2011-2012. Þetta var kynnt á fundi þann 8.nóvember 2011 ásamt því að við festum dagsetningar á hvenær kennarar ættu að skila inn vitnisburði í mentor.

Við fengum kynningu frá Mentor, Andrea kom og kynnti fyrir okkur hvernig þau ætla að innleiða nýtt námsmat skv. nýju Aðalnámskránni. Rætt var um einkunnir og matskvarða (A,B,C og D). Hún opnaði fyrir þennan lið í mentor ef kennarar hafa áhuga á að skoða. *Námsfrávirnda*

Við bjuggum til hugmynd af námsmats- og sýnishornamöppu sem okkur langar að innleiða hér í skólanum á næsta skólaári. Einnig settum við hugmyndir af fjölbreyttum matsblöðum og verkefnum í vinnuherbergi kennara.

## Greining á vinnu vetrar:

### *Hvað gekk vel?*

Samstarfið gekk vel og að koma með hugmyndir og lausnir.

### *Hvað má bæta?*

Það var óánægja með að þessi teymi voru sett saman. Okkur fannst að það vantaði samþykki frá stjórnendum um það sem við vorum að fást við.

## Lýsing á áframhaldandi vinnu á næsta skólaári (2012-2013)

*Innleiðing námsmats skv. nýrri Aðalnámskrá grunnskóla, Hafnarfjarðarbær.*

*Unnið verður áfram að þróun námsmatsmöppu og sýnishornamöppu.*